

Fundargerð

**47. fundur sveitarstjórnar haldinn Skjólbrekku,
28. október 2020, kl. 09:15.**

Fundinn sátu:

Helgi Héðinsson, Elísabet Sigurðardóttir, Sigurður Böðvarsson, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Dagbjört Bjarnadóttir og Sveinn Margeirsson.

Fundargerð ritaði: Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2021-2024 - 2008025

Sveitarstjóri gerði grein fyrir vinnu vegna fjárhagsáætlunar Skútustaðahrepps 2021-2024. Oddviti leggur til að áætluninni verði vísað til síðari umræðu í sveitarstjórn 25. nóvember næstkomandi.

Lagt til að álagningarhlutfall útsvars verði óbreytt á árinu 2021, þ.e. 14,52%.

Samþykkt samhljóða

Samþykkt

2. Aðgerðir sveitarstjórnar til viðspyrnu vegna Covid-19 - 2003023

Farið yfir aðgerðir sveitarstjórnar til viðspyrnu vegna COVID-19, sem kynntar voru á fundi sveitarstjórnar 8. apríl 2020.

Lagt fram

3. Lánasjóður sveitarfélaga ohf. - Lánasamningur - 2004008

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fundi sínum 8. apríl s.l. 15 verndar- og viðspyrnuaðgerðir fyrir starfsemi sína. Viðhalds- og framkvæmdaáætlun Skútustaðahrepps samkvæmt fjárhagsáætlun ársins 2020 var þá 122,5 m.kr. Átti að fjármagna framkvæmdirnar með veltufé en ljóst var að miðað við sviðsmyndagreiningu þá gengu þær forsendur ekki upp. Því stóð sveitarstjórn frammi fyrir því að þurfa að taka lán fyrir framkvæmdum ársins sem og fleiri viðspyrnuaðgerðum. Í kjölfarið var tekið langtímalán að upphæð 150 milljónir króna.

Fyrir liggur að framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins á árinu 2021 munu verða mikilvægur hluti af viðspyrnu samfélagsins í efnahagslegu tilliti. Þegar hafa ýmsar mikilvægar framkvæmdir verið ræddar í því samhengi, s.s. áframhald göngu-og hjóltreiddastígs, framkvæmdir við Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps og frekari uppbygging íbúabyggðar.

Drög að fjárhagsáætlun gefa til kynna að veltufé frá rekstri verði af skorum skammti. Til að fjármagna megi framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins er því

nauðsynlegt að leita til lánasjóðs sveitarfélaga varðandi frekari lántökur.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð allt að 120 m.kr. í samræmi við skilmála Lánasjóðsins. Því er beint til sveitarstjóra að horfa sérstaklega til "grænna" lánveitinga, enda sveitarfélagið með áherslu á umhverfismál í rekstri sínum.

4. Gæðastýring í sauðfjárrækt- eftirlit og úttekt - 2010024

Landgræðslan og Atvinnu- og nýsköpunarráðurneytið gerðu með sér samning í janúar 2020, í samræmi við 2. Mgr.2.gr. reglugerðar um gæðastýrða sauðfjárrækt nr. 511/2018, að annast eftirlit og úttekt skv. IV. Kafla reglugerðarinnar, á samningstímanum. Með bréfi þessu óskar Landgræðslan eftir upplýsingum og staðfestingu frá sveitarfélaginu Skútustaðahrepp um hvaða dag upprekstur hófst á Austurfjöll og dagsetning smölunar á svæðinu fyrir árið 2020. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindi Landgræðslunnar.

Samþykkt

5. Skýrsla sveitarstjóra - 1611024

Lagt fram

8. Velferðar- og menningarmálanefnd: Fundargerðir - 1809010

Fundargerð 20. fundar velferðar- og menningarmálanefndar dags. 6. október 2020. Fundargerðin er í fjórum liðum.

Lagt fram

9. Samtök orkusveitarfélaga; Aðalfundur 2020 - 2010014

Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga verður haldinn með fjarfundarformi fimmtudaginn 29. október kl. 13:00.

Lagðir fram ársreikningar 2018 og 2019 sem og tillögur að fjárhagsáætlun, einnig fundargerð síðasta fundar.

Lagt fram

10. Samband íslenskra sveitarfélaga landsþing 17. október 2020 - 2010018

Boðun á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga föstudaginn 18. desember 2020.

Í ljósi aðstæðna verður landsþingið haldið rafrænt og hefst það kl. 10:00 og stefnt er að því að þingstörfum ljúki um kl. 13:00 sama dag.

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á landsþing sambandsins að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára og gildir kosningin út kjörtímabilið, sbr. 5. gr. samþykktar sambandsins. Hafi orðið breytingar hjá einstökum sveitarfélögum er þess óskað að ný kjörbréf verði send skrifstofu sambandsins í síðasta lagi 30. nóvember 2020.

Landsþingsfulltrúar verða boðaðir til þingsins með sérstöku bréfi með dagskrá landsþingsins og gögnum. Þess er óskað að landsþingsfulltrúum verði kynnt efni þessa bréfs. Skráning fer fram á vef sambandsins þegar nær dregur landsþingi.

Lagt fram til kynningar.

Lagt fram

12. Upplýsingar um rekstur Vaðlaheiðarganga - 2010026

Lagt er til að sveitarstjóra verði falið að afla upplýsinga um rekstur Vaðlaheiðarganga, þ.m.t. skuldir, rekstur og afkomu.

Skútustaðahreppur er eigandi að um 2% hlut í félaginu Greið leið ehf, sem er eigandi að 53.64% í Vaðlaheiðargöngum.

6. Umhverfisnefnd Fundargerðir - 1611036

Fundargerð 16. fundar Umhverfisnefndar. dags 5.október 2020. Fundargerðin er í

tveimur liðum

Lagt fram

7. Skóla- og félagsmálanefnd: Fundargerðir - 1809011

Lögð fram 20. fundargerð skóla- og félagsmálanefndar dags 21. okt 2020.

Fundargerðin er í átta liðum.

Lagt fram

11. SSNE - Fundargerðir - 1611006

Lögð fram fundargerð 14. fundar stjórnar samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra dags. 30. september 2020 í fjarfundarbúnaði. Fundargerðin er í liðum.

Einnig lögð fram fundargerð 15. fundar stjórnar samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra dags. 14. október 2020 í fjarfundarbúnaði. Fundargerðin er í 5 liðum.

Lagt fram

Fundi slitið kl. 11:15.

Helgi Héðinsson

Elísabet Sigurðardóttir

Sigurður Böðvarsson

Halldór Þorlákur Sigurðsson

Dagbjört Bjarnadóttir
